

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1973

Nr. 3.

6

31. janúar 1973.

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Aðsetur embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum skal fyrst um sinn vera í Reykjavík, og er bæjarfógeta heimilt að framkvæma þar allar embættisathafnir, sem undir embættið heyra.

Nú á aðili varnarþing í Vestmannaeyjum, og má þá sækja hann fyrir dómi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík.

#### 2. gr.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum skal afsegja víxla með greiðslustað í Vestmannaeyjum með fullu gildi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík.

#### 3. gr.

Nú fellur krafa eða önnur fjárskuldbinding með greiðslustað í Vestmannaeyjum, eða krafa á hendur aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, í gjalddaga á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, og er þá gjalddaga þeirrar skuldbindingar frestað til 23. febrúar 1973.

Réttaráhrifum vegna vanefnda á fjárskuldbindingum með efndastað í Vestmannaeyjum eða fjárskuldbindingum aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 23. janúar 1973, er frestað til 23. febrúar 1973.

#### 4. gr.

Fullnægjandi er, að tilkynning, sem hafa skal réttaráhrif og á að berast viðtakanda í Vestmannaeyjum á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, berist 23. febrúar 1973.

#### 5. gr.

Vextir af skuldum, sem greiðslu er frestað á samkvæmt 3. gr., skulu á því tímabili vera þeir sömu og krafan bar.

#### 6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, hvenær sá háttur mála, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fellur niður.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Stjórnartíðindi A 2, nr. 3. Útgáfudagur 31. janúar 1973.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.